

I leiðara Visis í dag er ríkisstjórninni ráðlagt að snúa sér af alefli að því að afla erlendis lána til langs tíma og annarra fjárframlaga í Viðlagasjóð Vestmannaeyja.

Jafnframt er henni ráðlagt að taka sjálf ábyrgðina af almennum efnahagsaðgerðum, óviðkomandi eldgosinu, og hengja ekki á Vestmannaeyinga áhugamál sín um

bann við verkföllum og launahækkunum og fleiru slíku.

— sjá bls. 6

Snarpasta nóttin í Eyjum

Snarpasta nóttin í Vestmannaeyjum var í nótt. Var talsvert hvasst austan, og gekk vikurhryðja yfir bæinn. Það kviknaði í að minnsta kosti einu húsi, og vikur og aska hlóðust upp af miklu magni. Loftmynd af kaupstaðnum. — Ljósm. Sgurgeir.



Þeir fagna jarðeldum

— sjá baksíðu

★

Hundruð milljóna frá Norðurlöndunum

— sjá baksíðu

★

Hefur játað á sig morð

— sjá bls. 3

★

Smithsonian varð að hverfa frá gosinu

— og á nú á hættu

að fá ákúrrur frá rannsóknarráði

— sjá bls. 3

★

Þegar eldgos varð 30 þús. að bana á Martiniqueeyju

— sjá bls. 2

KOSTAR 130 ÞÚS. AÐ MOKA HÚS ÚR KAFI

Jarðfræðingar hafa nú aukid vonir manna um, að verulegur hluti byggðarinnar í Vestmannaeyjum muni bjargast og þá jafnvel þau hús, sem þegar eru komin í kaf í vikrinum, og eru óbrunnin. Lítil líkindi munu vera til þess, að hraun

renni yfir byggðina. Þó að meiri aska eigi effir að falla, er óvist, að hún verði til svo mikils tra fala, þegar endurreisnarstarfið hefst af alvöru.

Visir leitaði í gær til Páls Hanneðssonar, verkfræðings og forstjóra Hlaðbæjar, til að kanna

hjá honum, hvað líklegt væri að kostabi að moka hús úr kafi í Eyjum. Miðað við stórvirk vinnutæki eins og þegar eru í notkun og miðað við fulla tolla og annað, sem verktakafyrirtækin hafa við að búa, sagði Páll, að kostnaður færi ekki yfir 60-70 krónur á rúmmetra. Þá er miðað við, að unnt væri að losna við vikurinn innan við einn kílómetra frá við-

komandi húsi.

Sé miðað við fyllsta kostnað, væri samkvæmt þessu hægt að moka upp einbylishús á 800 fermetra lóð, þar sem vikurlagið væri 3 metrar, fyrir 130-140 þús. krónur, sem er auðvitað aðeins brot af kostnaði hússins. Fá hús eru raunar komin svo á kaf, en menn geta miðað hlutfallslegan kostnað við að ryðja götur og lóbir við þessar tölur. Augljóst er að kostnaður við að ryðja allri óskunni burt af götum og lóðum, mun nema tugmilljónum. Sennilega yrðu aldrei mokuð upp hús, sem vitad er að illa eru farin, eða standa innan um mörg ónýt hús.

—VJ

„Almennar aðgerðir“

— eða fé í Viðlagasjóð?

Meirihluti atvinnu og frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir vegna eldgosins var þess eðlis, að frekar var um „almennar aðgerðir í efnahagsmálum“ að ræða en aðstoð við Vestmannaeyinga. Þar var greint á um bann við verkföllum, frestun launahækkunar, framlög til stofnfjársgjós fiskiskipa og fleira af því tagi. Hætt var við að leggja frumvarpið fram í þessu formi, enda gagnrýnt í þingliði stjórnarflokkanna og af hannibalistum sér í lagi.

Frumvarpið verður tekið til athugunar af sjö manna nefnd allra flokka, sem Alþingi kaus í gær. Aðrar tillögur verða einnig til athugunar, meðal annars drög að tillögum sjálfstæðismanna, sem eru nokkuð á annan veg en tillögur stjórnarinnar. Báðir gera ráð fyrir öflun rúmra tveggja milljarða króna.

Í frumvarpsdrögum stjórnarinnar var gert ráð fyrir stofnun Viðlagasjóðs Vestmannaeyja. Í hann skyldi ranna hækkan launaskatts um 6%, hækkan söluskatts um

2%. Þá skyldi leggja 0,5% á gjaldstofn Búnaðarmálasjóðs, leggja 30% ofan á eignaskatt, og ríkissjóður legði 500 milljónir í sjóðinn.

Hins vegar eru „almennir“ liðir: Launahækkan, sem á að verða 1. marz, frestist til 1. nóvember. Laun, sem hafa hækkað síðustu 3-4 mánuði vegna væntanlegrar launahækkunar annarra 1. marz, lækki sem því svarar. Þetta gildir til demis um kauphækkan í alverinu fyrir skómmu. Bannað skyldi að hækka ýmsa taxta. Verkföll skyldu bönnuð til 31. október. Vísitala megi ekki hækka nema

um ákveðin stig, hverjar sem verðhækkningar yrðu.

Fiskkaupendur og útgerðarmenn, sem selja afla erlendis, skili 5 1/2 % af skiptaverðmæti afla til stofnfjársgjós, en hinn helmingurinn ekki.


Í drögum að tillögum, sem gerðar hafa verið í þingflokki sjálfstæðismanna, er gert ráð fyrir öflun allt að 2183 milljónum króna til Viðlagasjóðs Vestmannaeyja. Þar er gert ráð fyrir hækkan söluskatts um 3%, 30% viðlagagjaldi á eignaskatt, 1% hækkan útsvara, sem renni til Viðlagasjóðs, eins og sum bæjarfélög hafa lagt til, og 500 milljónir frá ríkissjóði.

Alþingi samþykkti í gær að heimila ríkisstjórninni að taka 500 milljón króna bráðabirgðalaán í Seðlabanka eða annars staðar.

—HH

VÍSIR SPYR:


Hafið þér veitt Vestmannaeyingunum líð með einhverju móti?



Hektor Sigurðsson, verkstjóri: Nei, því miður, það hef ég ekki gert, en ég hyggst gera það. Því miður er ég ekki affögufær með húsnæði, svo að aðstoðin verður líklega helzt peningalega.



Júlíus Sveinsson, sjómáður: Já, ég er nú Vestmannaeyingur sjálfur og var að koma heim í gær. Askan var komin inn á gólf heima hjá mér. Satt að segja býst ég ekki við að koma til Vestmannaeyja aftur.



Björgvin Gíslason, trésmíður: Ég er ekki búinn að því ennþá, en hef hugsað mér að gera það. Raunar finnst mér sjálfsgaet að allir hjálpi eitthvað til.



Grettir Pálsson, Audvitað ætla ég að hjálpa til. Þetta fólk verður að styðja, og þá er nærtækast að við Íslendingar hjálpum því að komast yfir erfiðleikana.



Jóhann Ó. Guðmundsson, skrifstofumaður: Eg hef nú ekki gert það ennþá, en ég hef hugsað mér að gera það. Mitt framlag verður líklega í peningum, en hvað það verður mikið fer eftir efnum og astæðum.



Þuríður Einarssdóttir, húsmóðir: Eg hef hugsað mér að veita peningaaðstoð með því að láta Rauða krossinn hafa peninga.

Sumt var líkt með bænum St. Pierre og Vestmannaeyjum

30 þúsund dóu á einum morgni



Bærinn St. Pierre fyrir gosið....

Drunur heyrðust í tvær vikur úr íðrum jarðar. Íbúar bæjarins St. Pierre á eyjunni Martiník voru rólegir. Dagblöð gerðu lítið úr þessu. Menn voru enn rólegir, þegar bjarni lýsti næturhimininn, eins og skotið væri af fallbyssum í fjarska. Þetta var rólyndisfólk.

Nöldrif frá íðrum jarðar þagnaði í maibyrjun. En síðdegis 1. maí 1902 stóðu strókar upp úr eldfjallinu Mt. Pelée. Flestir voru kátir við og litu á strókana sem skemmtun. Fólk gekk til náða. Árla morguns 2. maí byrjaði öskufallið þöglult.

St. Pierre, lítill hafnarbær á eyju við rætur gamals eldfjalls. Margt líkt Vestmannaeyjum, þótt líf hafi breytst þessi 70 ár. Íbúar 26. 011. Fjallif Pelée hafði að vísu ekki sofið í fimm þúsund ár, heldur aðeins fimmtíu og eitt, en ekki lífi fólk í bænum í eilífum ótta við gos. Þvert á móti.

Martiník-eyjan er ein Antilla-eyja, sem liggja næstum „eins og brú“ í „myrri“ Karabíahafs. Þær urðu til við eldgos, sem hækkaði sjávarbotn um 3000 metra og meira í örófi alda. Síðar

lýsa menn því svo, að íbúar bæjarins St. Pelée hafi sett að á „tímasprengju“. Djúpt í fjallinu Mt. Pelée var kveikurinn. Tvi-vegis á þrjú hundruð árum hafði gosið. 1792 féll lítilsháttar aska í hlíðar þess. 1851 varð gos eftir drunur í viku, stutt gos, sem aðeins spjó lítilræði af ösku yfir bæinn. Svó kom regnstormur og þvöði öskuna burt. Menn gleymdu þessu. Þetta var ómerkilegt. Kannski sýndu þessi tvö gos á 300 ára skeiði ekki annað en það, að ekkert væri að óttast, þótt gysi.


St. Pierre var miðstöð eyjarinnar, en eyjuna alla byggðu 189.500 manna. Hafnarbær. Ríkur bær í þann tíð

„Stutt gos“, sagði „sérfræðingur“

Mt. Pelée skók rætur sínar og sendi jarðskjálftabylgju frá botni sjávar, sem drap fisk á nokkurra fermílna svæði. Hún skemmdi ritsímalínur á hafsbötni. Martiník varð nærri einangruð frá umheiminum. Þó hafði franska stjórnin, nýlenduveiddi yfir Martiník, fengið skeyti um ástandið. Viðbrögðin við



St. Pierre eftir gosið — eins og atómsprengja hefði fallið.



Berintorg fyrir gosið.



Berintorg eftir gosið.



Mata krókinn á sölu hjálma til Eyjabúa

Borgari símaði: „Manni finnst það dálítið stingandi að hálfopinbert fyrirtæki eins og Söluendfund varnarliðseigna skuliverað auglýsa núna hjálma og grimur fyrir þá sem fara til Eyja. Þeir virðast vera þeir einu, sem ætla sér að mata krókinn á gosinu í Eyjum. Meðan allir aðilar, opinberir sem einstaklingar leggjast á eitt, förna og gefa án þess að ætlast til nokkurra þakka, þá kemur þetta fyrirtæki og vill þéna peninga á öllu saman.“

Happdrættisvinnningar til Eyjamanna

Guðrún Arnalds hringdi: „Mér kom í hug aðferð til fjáröflunar fyrir Vestmannaeyinga, án þess að þar sé úr að ræða fé, sem tekið yrði frá einum eða neinum. Stóru happdrættin gætu kannski hugleitt möguleikann á

því, næst þegar endurnýjað verður, að kanna meðal miðeigenda, hvort þeir vilji leyfa næstu vinningum að renna til Vestmannaeyjasöfunarinnar.

Síðan má skrá niður þau númer sem vilja, og hin sem ekki vilja. Þegar svo dregið verður, og vinningur kemur upp á númer, sem vildi gefa sína kröfu eftir fyrir Vestmannaeyinga, þarf ekki að láta neinn vita, á hvaða númer vinningurinn kom. En komi vinnugurinn upp á númer, sem ekki vildi gefa sitt eftir, þá fær viðkomandi sinn vinning, rétt eins og venjulega.“

Hlaupararnir voru illa fyrir

Jóhann Hannesson hringdi: „Það hefur verið gifurleg

umferð milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar þessa síðustu daga, eins og gefur að skilja, þegar björgunaraðgerðirnar hafa staðið yfir.

Því finnst manni ekki ná nokkurri átt, að það skuli líðið, þegar svona stendur á, að tveir hlauparar séu að skokka á þessari fjölrönu leið og tefja alla umferðina.

Ég sá þá þarna, og fór einn lögreglubill á undan þeim með rauð ljós og sirenur, og annar fylgdi fast á eftir — en önnur umferð mátti svo lötra hægt á eftir þessari hersingu, nema ef bill og bill gat skotist fram úr þeim, þegar hlé varð á umferðinni á móti.

Eftir því, sem ég komst næst hjá yfirvöldum lögsagnarumdæmisins austan við fjall — talaði við sjálfan sýslumanninn — þá var þetta ekki gert með leyfi þeirra.

Ef þetta hlaup var svona vöðulega áriðandi, þá finnst manni, að þeir hefðu getað verið einhvers

staðar í andsk.... annars staðar, í Hvalfirðinum t.d. ...

Og ég hætti að taka alvarlega þetta hjál um mannaskort í lögreglunni, ef þeir geta sent tvo bíla (mér sýndist vera tveir og þrjú menn í hvorum bíl) í svona snatt.

Annars heyrði ég, að ekkert hefði verið á annan hlauparann, og varð ekki hissa á.

P.s.: Í leiðinni langaði mig til að grennslast fyrir um, hvort nokkurt boð hefði borizt frá Ráðstjórnarríkjunum um aðstoð vegna hörmunganna í Vestmannaeyjum. Eg hef hvergi heyrt þess getið, en það gæti hafa farið framhjá manni í öllum orðaváðinum.

Við gætum að því hjá utanríkisráðuneytinu, og þar höfðu menn ekki móttékið nein slík boð um aðstoð frá Ráðstjórnarríkjunum — ekki síðdegis í gær.

Afsláttur með Akraborginni

Óánægður Akurnesingur hringdi. Hvernig stendur á því að Vestmannaeyingar, sem hafa komið hingað til Akraness eftir að gosið hófst, eru látnir borga fullt fargjald með Akraborginni? Nú þarf þetta fólk að fara oft á milli ýmissa erinda og alltaf er það látið borga fullt fargjald. Nú er skipið á ríkisstyrkjum að miklu leyti en ekkert einkafyrirtæki. Það er einn maður sem ræður þessum málum, en það er sárt að allir Akurnesingar skuli dæmdir eftir einum svörtum sauð. Vest-



skeytnum áttu eftir að ráða úr slitum um hvort fólkíð í St. Pierre lífi eða dái. Það dó. Í þannum sjálfum huggaði blaðið Les Colonies íbúana. A forsiðu var vitnað í ónangreindan „sérfræðing um eldfjöll“, sem átti að segja, að þetta óskufall mundi standa skamma hríð og innan skamms mundi gígurinn leggjast til svefnis. Bobað var, að skemmtiferð yrði til gígsins, svo að „lesundur geti séð hið rétta ástand eigin augum“. Það átti að kjósa á eyjunni, og landstjórnin var staðráðin í, að ekkert mætti trufla kosningarnar.

Búgarður einangrabíst af hraunstraumi og menn dóu þar. Óskufall var mikil í bænum. Margt dýra dó af brennisteinsgasi. Hraun rann og aska kvækti í húsum í nálægu þorpi. Maður einn hrópaði á vegfarendur að dómisdagur væri í vándum. Menn gerðu gys að honum. Fljót tók að flæða yfir bakka. Jarðskjálfti. Blaðið hélt affram að lýsa þessu sem skemmtun, en þó voru þeir, sem bjuggu utan bæjarins, beðnir að koma þangað, meðan eldgosi gengi yfir. Gosið magnaðist. Í lok fjórða dags höfðu 617 farizt. Politíkin stýrði gerðum stórnvalda í St. Pierre. Þau gerðu lítið úr hættunni og stjórnarnefnd hélt því fram, að askan væri góð fyrir heilsu manna og uppskeru. Kosningar voru í vándum.

Endalokin komu á 7. degi. Brennisteinsgufur kæfðu fólkíð. Hraun og aska breiddi sig yfir bæinn og íbúa hans.

Endalokið komu skyndilega að morgni, milli morgunverðar og hádegisverðar. Nærri þrjátíu þúsundir fórust þær mogunstundir í St. Pierre. Þarinn var svo geryyddur eins og atóm-sprengja hefði hæft hann, mundum við vist segja.

Þetta var fríðsælt sjávarpláss. Embættismenn sættu ekki opinberri gagnrýni, hvorki þeir, sem lifðu eða þeir sem létust. Menn reyndu ekki að sigla burt frá St. Pierre. Stjórnvöld höfðu á sjó dögum ekkert gert til að forða fólkíni.

Skipverjar á skipi skammt undan höfðu glaði á St. Pierre, báðaðan í sólskini klukkan átta morguns. Skyndilega grúfðist yfir niðimm nóti fyrir augum þeirra, rofin af brennandi gasskýjum. Eldur í höfninni. Askar féll þykkt og heit. Síðan regn smásteina. Þá heitt leðjuegn, eins og sement, sem lagðist yfir bæinn. Tveir eftirlifendur fundust. Innlokabír báðir — dauðadæmdur fangi og vitfirringur. — HH

mañaeyingarnir ættu að fá frítt, eða allavega minnir afslátt á fargjaldinu núna, þegar margir hafa misst allt sitt.

„Reynum aðra „Eldmessu““

Asgeir Ebernezer hringdi: „Ætli menn séu staðráðnir í því að láta „Eldmessuna“ frægu verða algert einsdæmi? Og má þá ekki gera tilraun til þess að láta söguna endurtaka sig?“

Ég skora á presta að gera nú sitt — og sýna mátt kirkjunnar og trúarinnar.“

Ríkisstjórnin láti kyrrt

Steingrímur Davíðsson hringdi: „Vildu þið koma á framfæri fyrir mig vinsamlegum tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún haldi sig fjarri hjálparstarfinu í Vestmannaeyjum, og láti bæjarstjórnina þar, Rauða krossinn og önnur hjálparamtök um það.“

Þjóðin mun sjálf rétta út sína hjálparhönd og hefur þegar gert það, enda treystir hún ekki stjórninni til þess að ráða fram úr þessum vanda.

Það var líka auðheyrt á viðtalinu við Lüðvík Jósefsson, að þeir ætla að draga þetta áfall, eins og hvern annan dulþuning yfir mistök sín í þjóðarbúskapnum. Og til að standa straum af hjálparabgerðum, ætla þeir að afnema vísitölubæturarnar af öryrkjum og elliðfeyrisþegum og vega þannig í fjórða sinn í sama knérunn.“

Smithsonian varð að hörfa með Lasertækkin

— kvarta undan lélegri fyrirgreiðslu við gosstöðvarnar en voru í leyfisleysi með of marga menn í Eyjum

Visindamönnum Smithsonian Institute, einhverrar frægustu visindastofnunar veraldar, var gert erfitt að komast á gosstöðvarnar í Vestmannaeyjum með tækjabúnað sinn til rannsókna. Urðu þeir að hverfa úr landi áður, en þess að árangur yrði af för þeirra.

Asgeir Long, kvikmyndatökumaður, hafði með höndum aðstoð við visindaleiðangurinn,

sem var 9 manna og undir forystu dr. Robert Citron, framkvæmdastjóra Educational Expedition Inc., sem er deild úr Smithsonian. Ætlaði leiðangurinn að fá svör við ymsum spurningum, athuga stærð og magn hraunstrauma í rennum til ákvörðunar á seiglu hraunmassans, ákvörðun á óskufalli, mælingu á skrútu, en þar átti að nota laser-geislataeki og loks átti að safna sýnum til greiningar.

Erfiðlega gekk að komast til Eyja, en loks fékk vélbáturinn Guðmundur Þorbjörnson til ferðarinnar. Þá tókst ekki betur en

svo að laser-tækið fékkst ekki flutt á gosstöðvarnar. Niðurstaðan varð sú, að í stað 3-4 daga dvöl við rannsóknarstörf í Eyjum varð viðvölin aðeins 8-9 tímar.

Í viðtali við Vísi kvaðst Asgeir Long skammast sín fyrir þær viðtökur, sem visindamennirnir fengu hér í Reykjavík og í Eyjum. Hins vegar hefði fyrirgreiðsla skipstjóra og skipverja á Guðmundi Þorbjörnsoni verið til fyrirmyndar, og afhenti leiðangurstjórnin skipstjóra 50 þúsund krónur fyrir flutning og fyrirhöfn, en skipstjórnin kvaðst mundu senda féð í söfnunina til Vestmannaeyinga. —

Rannsóknarráð ríkisins hefur með erlenda visindaleiðangra að gera. Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri ráðsins, gaf Vísi þær uppl. í morgun, að svo kynni að fara

að hann yrði að skrifa Smitsonianstofnuninni og kvarta yfir leiðangri þessum. Visindamenn, erlendir sem innlendir, hefðu sýnt einstaka lipurð og skilning á því að samræma störfin í Heimaey og skilið, að ekki mættu of margir vera að störfum þar. Aðeins þessi leiðangur Smitsonian hefði farið sínar eigin leiðir og tekið á leigu bát og farið með allt sitt líu enda þótt aðeins 5 menn hefðu fengið rannsóknarleyfi í eyinni. „Það er hart fyrir íslenska jarðfræðistudenta að fá neitun og sjá erlenda kollega fara út í eyjarnar,“ sagði Steingrímur, en í flokki Smitsonianmanna voru 5 nemar. Alls kvað Steingrímur stofnunina hafa veitt 20 til 25 leyfi til erlendra visindamanna, sem óskuðu eftir að fara út í Heimaey til rannsókna vegna gossins. — JBP —

Búinn að játa á sig morðið

Maðurinn, sem skaut kunningja sinn til bana á Höfn í Hornafirðiá sunnudagsmorgun, hefur nú játað á sig verkanóinn, en hann var yfirheyrdur í gær. Bar maðurinn því við, að hann hafi verið mjög drukkin, þegar atburðurinn gerðist.

Maðurinn, sem skotinn var til bana, var 33 ára að aldri og hét

Stefán Egilsson, frá Lóni í Austur-Skaftafellssýslu. Hann var bifreiðavíðgerðarmaður. Maðurinn, sem verkanóinn framdi, heitir Guðni Óskarsson, 41 árs að aldri. Hefur Guðni verið úrskurðaður í allt að 3 mánaða gæzluvarðhald og gebránsök.

Eins og áður hefur verið skýrt frá í Vísi, sátu mennirnir að

drykkju á heimili Guðna, er þeim sinnaðist með fyrrgreindum afleiðingum. Guðni hafði rekið Stefán á dyr, og var Stefán kominn út, þegar Guðni þreif byssu sína og skaut Stefán. Var skotið af stuttu færi, og beidd Stefán samfundis bana.

Einar Oddson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, hefur rannsókn

málsins í höndum, og kom hann með Guðna til Reykjavíkur. Einar er nú farinn aftur til Hornafjarðar til að yfirheyra vitni að atburðinum, og gat hann ekki sagt meira um málið í morgun. Ekki er enn ljóst, hvers vegna mönnum sinnabist. — ÞM

Húsnæðismiðstöð í Tollstöðinni

Féð streymir inn í söfnunina til styrktar Vestmannaeyingum, en í morgun höfðu borizt um 15.2 milljónir króna að sögn Eggerts Asgeirssonar hjá Rauða krossi Íslands.

Um 600-700 þúsund krónur höfðu borizt í pósti frá ymsum aðilum víða um land. Nú eru komnar 168 íbúðir á skrá hjá Rauða krossinum eða tilboð um íbúði.

Nú í dag verður sett upp miðstöð á vegum Rauða krossins, bankanna og annarra opinberra aðila í nýju tollstöðinni, sem sjá

mun um íbúðarmálin og hvernig fjármagna á þau mál. Það mun verða Rauði krossinn, sem setja mun miðstöð þessa af stað, en síðan munu bankarnir yfirtaka skrifstofuna, þar sem fjárhagsmálin eru á þeirra vegum. Skrifstofa þessi verður einnig leiðbeingingstöð fyrir Vestmannaeyinga í húsnæðismálum.

Til tals hefur komið að taka tilbúnar íbúðir í Breiðholti, sem afhendast skyldu á næstunni, fyrir Eyjamenn, en að sögn Eggerts hefur enn ekkert verið ákveðið í því máli. — ÞM

„Íslendingar vilja ekki aðstoð“ — segja fjölmiðlar í Danmörku

Blöðin hafa ítrekað það aftur og aftur og sömuleiðis hefur það komið fram í útvarpi og sjónvarpi hér í Danmörku, að Íslendingar væru of stóltrir til að taka við hjálp erlendis frá vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

kannað yrði, hvort unnt sé að afla styrkja og lána frá sersjóðum erlendis, svo sem sersjóðum Evrópuráðsins, Sameinuðu þjóðanna og fleiri alþjóðasamtaka. — VJ

Fjölmiðlarnir herna virðast því alveg hafa misskilið málið, sagði Finnur Erlendsson, læknir í Fredrikshavn, í viðtali við Vísi í morgun. Finnur er formaður nefndar í þessum vinabæ Vestmannaeyja á N-Jötlandi, sem er að hefja fjársöfnun til styrktar Vestmannaeyjum. Fyrst hafði nefndin þó samband við Magnús Magnússon, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum til að fullvissa sig um, að tekið yrði við hjálp.

Það var því ekki að ástæðulau, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti einróma í fyrrakvöld ályktun þess efnis, að þeir væru þakklátir fyrir hjálp, hvaðan sem væri.

Dauflegar undirtektir undir hjálpartilboð erlendis frá hafa verið tülkuð þannig, að Íslendingar vildu ekki aðstoð.

Einnig var þá samþykkt, að

HÆTTIÐ VIÐ ÞJÓÐHÁTÍÐ — segja skólastjórar

Hættið við fyrirhugada þjóðhátíð vegna 1100 ára afmælis íslandsbyggðar og verjið fjármuninum þess í stað til aðstoðar Vestmannaeyjum, segir í tillögu, sem samþykkt var á fundi samtaka skólastjóra í barna- og gagnfræðaskólum.

Segja samtökin, að þau líti

svo á, að þjóðhátíðarinnar eigi að minnast á látausan hátt, svo sem með þakkarguðsþjónustum í kirkjum landsins og sögulegu yfirliti í fjölmöllum. Senda samtökin Vestmannaeyingum alúðarkveðjur og votta þeim virðingu fyrir æðruleysi á hættunnar stund. — JBP —

Auglýst eftir litmyndum frá Vestmannaeyjum.

Vegna póstkorta-útgáfu til ágóða fyrir hjálparstarfið í Vestmannaeyjum er auglýst eftir litmyndum frá gosstöðvunum. Greiðsla eftir samkomulagi. Allur ágóði af útgáfunni rennur óskiptur til Vestmannaeyinga. Myndunum er veitt víðtaka hjá Sólarfilmu sf., Bragagötu 27 í Reykjavík, sími: 12277. Vinsamlegast bregðið fljótt við og hjálpið okkur að hjálpa. Kventfélagið Heimaey.

Orðsending til Vestmannaeyinga frá Happraætti DAS og SÍBS

Afgreiðsla Vestmannaeyja-umboða DAS og SÍBS verður í Aðalumboði DAS Vesturvei frá 2-6 daglega.

Vestmannaeyingar eru beðnir að hafa samband við umboðin á tilgreindum tíma eða í síma 17757.

Fanney Guðjónsdóttir Ásta Ólafsdóttir



MWL

HIN MIKLA EYÐILEGGING



2



3

1...


Þungfært er víða um götur í Eyjum og því er gripið til þess ráðs, að draga flutningagámana með jarðytum.

2..

...og hér hefur ein fjölskyldan fengið stóran olíubíl til dráttar og aftan í hann eru tengdar kerrur.

3..

Þarna hefur eyðileggingin verið svo til algjör, — aðeins handriðið á húströppunum minnir á að þarna var búið fyrir viku síðan.



1

BG

BG

VÍSIR

Utgefandi: Reykjavent hf.
 Framkvæmdastjóri: Sveinn R. Eydólfsson
 Ritstjóri: Jónas Kristjánsson
 Fréttastjóri: Jón Birgir Pétursson
 Ritstjórnarfulltrúi: Valdimar H. Jóhannesson
 Auglýsingastjóri: Skúli G. Jóhannesson
 Auglýsingar: Hverfisgötu 32. Símar 11660 86611
 Afgreiðsla: Hverfisgötu 32. Sími 86611
 Ritstjórn: Síðumúla 14. Sími 86611 (7 ínur)

Askriptargjald kr. 225 á mánuði innanlands
 í lausasölu kr. 15.00 eintakið.
 Blaðaprent hf.

Lausnin: Erlend lán og framlög

Jarðfræðingar eru farnir að gefa okkur vonir um, að eldgosíð í Heimaey muni ekki standa mánuðum né árum saman, heldur aðeins fáar vikur í mesta lagi. Þar með aukast vonirnar um, að fljótlega geti aftur þrífist byggð í Vestmannaeyjum.

Samt verða tjónið, kostnaðurinn og tekjutapið mjög mikið. Sumir nefna einn milljarð, aðrir tvo, og enn aðrir mun hærri upphæðir. Þessar tölur eru svo háar, að þjóðfélagið verður að gera það, sem það getur, til að dreifa upphæðinni á mörg ár.

Svo vel vill til, að erlendis eru til öflugir sjóðir, sem lána til langs tíma fjármagn til uppbyggingar eftir náttúruhamfarir. Slikir sjóðir eru til á vegum Evrópuráðsins, stofnana Sameinuðu þjóðanna og innan einstakra ríkja. Þessir sjóðir veita allt frá 10 til 15 ára lán.

Ein brýnasta skylda ríkisstjórnarinnar er nú að ná sambandi við alla þessa sjóði og sækja um lán fyrir væntanlegan Viðlagasjóð Vestmannaeyja. Enginn vafi er á því, að þessir sjóðir munu snarlega opnast. Með þessum hætti má leysa tölurverðin hluta vandans til bráðabirgða og dreifa honum á svo mörg ár, að hann verði þjóðarbráðu alls ekki tilfinningur.


Ríkisstjórnin gæti líka gert gagn með verulegu átaki á öðru sviði. Erlendis hafa viðbrögð islenzkra ráðamanna við tilboðum um fjárstuðning verði túlkuð sem kurteisleg neitun, þótt þeir hafi þakkað tilboðin. Þennan misskilning verður ríkisstjórnin nú að leiðrétta, svo ekki verði um villt. Íslendingar eru ekki of stoltir til að óska endurtryggingar innan samfélags þjóða heimsins á umtalsverðum hluta þess tjóns, sem þeir hafa orðið fyrir.

Einstaklingar, fyrirtæki, sveitarfélög og ríkisvaldið geta svo náð saman verulegri fjárhæð án þess að setja þjóðfélagið á annan endann með sérstakri skattlagningu eða öðrum hætti. Úr því að farið er að spá endalokum gossins, er trúlegt, að þetta innlenda fé geti ásamt erlendum lánum og framlögum nægt til að fullnægja skyldum Viðlagasjóðs.

Í stað þess að sinna ofangreindum skyldum sínum notaði ríkisstjórnin fyrstu gosvikuna til að semja uppkast að frumvarpi til lausnar á almennum efnahagsvandamálu landsins. Þar voru verkföll bönnuð. Þar var tekin af launahækkunin, sem á að koma 1. marz. Þar voru teknar til baka allar launahækkningar, sem samið hefur verið um undanfarna 3-4 mánuði. Þar var bannað að hækka launataxta. Og þar var gert ráð fyrir fjáröflun í fiskveiðasjóði.

Þetta geta verið nýtsamleg atriði í lausn hins almenna efnahagsvanda, sem mótazt hefur á hálfu öðru ári. En það er vægast sagt óviðkunnanlegt að hengja þessi atriði á Vestmannaeyinga með því að setja þau í frumvarp um Viðlagasjóð Vestmannaeyja. Þessi tilraun til að notfæra sér hörmungar Eyjamanna vakti verðskuldaða hneykslun og er nú úr sögunni.

Ríkisstjórnin getur nú beztt bætt fyrir misgerðir sínar með því að snúa sér af alefli að því að afla Viðlagasjóði erlendra lána og framlaga, sem liggja á lausu, ef menn hirða um að bera sig eftir þeim í tæka tíð. Síðan getur hún, ef hana langar til, lagt fram sérstakt frumvarp um bann við verkföllum og launahækkunum án þess að hengja það mál á Eyjamenn og Viðlagasjóð þeirra.



Loftið í Los Angeles sveið í augun og lungun, en frískt loft fá þeir 1982.

LOS ANGELES FÆR FRÍSKT LOFT 1982

„Það er vel mögulegt að hafa heimil á, eða jafnvel draga úr og kannski uppræta með öllu loftmengunina, hvar sem er í heiminum. Við höfum 25 ára reynslu í baráttunni við mengunina, og hún kennir okkur, að það er einungis spurning um vilja...“

Los Angeles í Kaliforníu er fræg fyrir margar sakir. Meðal annars sem ein mengaðasta borg veraldar. Þessi risaborg með sínum 8 milljónum íbúa hefur verið um mörg ár sveiðuð „svælu“, sem undan sviður í augum og lungu og er orsök fjölda sjúkdóma — auk þess að hafa á samvirkunni óþekktan fjölda mannslífa. Maðurinn, sem heldur því fram, að kveða meggi mengunina niður, er James Birakos. Hann veitir forstöðu Mengunarvarnarráði í Los Angeles.

„Allt fram til 1966 jókst loftmengunin í Los Angeles og næsta nágrenni ár frá ári, en síðustu sex árin hefur tekizt að draga úr henni. — Við árgjumst, að árið 1982 verður andrúmsloftið í Los Angeles orðið eins tært og með sanngirni verður krafið“, segir Birakos. „Með sangirni“ á hann við gott skyggni og loft, sem ekki veldur augnsjúkdómum eða eitrunum.

„Og bjartsýni Birakosar á nokkurn rétt á sér. Í dag er hvergi hleypst út úr neinni verkmiðju eiturgufum eða reyk. „Við höfum heimil á 35.000 stórum og smáum iðnfyrirtækjum í Los Angeles og nágrenni. Sérhver byggingar- og smíðaaetlun þarf okkar samþykkið með. Við getum krafizt breytinga, og við getum stöðvað rekturinn, ef þeir fylgja ekki okkar reglum“, segir Birakos. En hann bætir því við, að einungis ein verkmiðja hafi veizt stöðvuð á árinu 1972.

„Það er bjartsýni Birakosar á nokkurn rétt á sér. Í dag er hvergi hleypst út úr neinni verkmiðju eiturgufum eða reyk.“

„Við höfum heimil á 35.000 stórum og smáum iðnfyrirtækjum í Los Angeles og nágrenni.“

Sérhver byggingar- og smíðaaetlun þarf okkar samþykkið með. Við getum krafizt breytinga, og við getum stöðvað rekturinn, ef þeir fylgja ekki okkar reglum,“ segir Birakos. En hann bætir því við, að einungis ein verkmiðja hafi veizt stöðvuð á árinu 1972.

„Það er bjartsýni Birakosar á nokkurn rétt á sér. Í dag er hvergi hleypst út úr neinni verkmiðju eiturgufum eða reyk.“

„Við höfum heimil á 35.000 stórum og smáum iðnfyrirtækjum í Los Angeles og nágrenni.“

Sérhver byggingar- og smíðaaetlun þarf okkar samþykkið með. Við getum krafizt breytinga, og við getum stöðvað rekturinn, ef þeir fylgja ekki okkar reglum,“ segir Birakos. En hann bætir því við, að einungis ein verkmiðja hafi veizt stöðvuð á árinu 1972.

við að draga mundi úr söluinni. „Stóru amerísku bílaframleiðendurnir höfðu um tíma með sér samkomulag um að seinka þróuninni í þessu, en við fengum því kipt í líðinn, þegar akveðið var að taka málið föstum tökum,“ segir Birakos.

Kröfurnar og ströng lagaakvæðin hafa að hluta verzið tekin upp víða annars staðar í Bandaríkjunum, og sá dagur kann að renna upp, að allur heimurinn eigi eftir að þakka Mengunarvornunum í Los Angeles fyrir að hafa komið bílaíðnaðinum til þess að framlæða bifreiðir, sem ekki menga frá sér.

„...en það kostar peninga.“

Íbúðurnir í Los Angeles og nágrenni hefur fest um það bil 19.600 milljónum króna í útbúnað til varnar gegn menguninni, síðan fyrstu lögin gengu í gildi 1948. En það var bara í útbúnað. Allt í allt hleypur fjárfestingin á 170 til 180 milljónum króna, og í náinni framtíð verða bæði bílaframleiðendur og bílakaupendur að leggja af mörkum álittegar fjárfelgja í ámóta varnarútbúnað.

„Í dag greiðir hver bílkaupandi m.a. tæpar 5 þúsund krónur í umframgreiðslur fyrir hreinsitæki í bílinn,“ segir Birakos. Hann segir, að þeir geti bannað sölu á bílum, sem ekki eru útbúir nauðsynlegum hreinsitækjum.

Í Los Angeles eru tólf atvugunarstöðvar, sem stöðugt mæla eiturrhlutfallið í andrúmsloftinu. Það eru 350 fastir starfsmenn ráðnir hjá Mengunarvarnarráðinu, og hundrad þeirra annast einungis eftirlit með verkmiðjunum. Ráðið hefur þrjár á sínum snarum og einkennisklædda „hreinsunarþjóna“, sem aka um borgina og líta eftir mengunarvöldum.

Þannig er barizt gegn menguninni, en það gengur ekki alltaf atakalaus.

„Við höfum sama það, að hægt er að uppræta alla mengun, og öllum er velkomið að koma til Los Angeles og sjá aðferðirnar,“ segir Birakos.

Það væri kannski ekki svo fráleitt hugmynd fyrir Reykvingka, sem geta fagnað því láni að búa ennþá í tiltölulega lítill mengaðri borg. Við eignum göða vott um að sleppa við að ganga í gegnum þær sömu þjónningar og svo margar stórborgir annarra landa hafa mátt þola.

„Við teljum, að okkar starf hafi verið arangursríkt. Að visu kvartar fólk undan því af og til, að það sjái ekki til fjalla. En það ætti að sjá ástandið í New York og víðar, þar sem sést ekki einu sinni til húsa í næsta hverfi.“ segja mengunarvarnarmenn Los Angeles.



AD UTAN

Umsjón: Guðmundur Pétursson

En einn höfuðverkur er eftir: Orkuverin.

Geypileg rafmagnspörf.

Þörfin fyrir raforkuna er gifurleg, og hún tvöfaldað áttunda hvert ár. Yfirvöld hafa fyrirminuð að orkuverunum að nota ölu eða kol, sem innihalda 0,5% brennistein, á meðan hægt er að fá „hreint“ jarðgas eða innflutta brennisteinslitla ölu frá Indónestu og Alaska.

„Innflutta ölu er tvöfalt dýrari en sú, sem við framlæðum í Kaliforníu. Okkar ölu er bönnuð, svo að hana flytjum við út,“ sagði Birakos forstjóri mengunarvarna Los Angeles.

Baráttan við útblástur bíla

Aðalverkefni Birakosar og manna hans í framtíðinni verður baráttan gegn útblástri bifreiða. Reglurnar, sem lúta að því, eru nú þegar miklu strangari í Los Angeles en annars staðar þekkest. Reyndar öblast þær gildi í áföngum, þannig að þær verða strangari með hverju ári, eða allt frá því þær voru settar 1966.

„A aðalverkefni Birakosar og manna hans í framtíðinni verður baráttan gegn útblástri bifreiða. Reglurnar, sem lúta að því, eru nú þegar miklu strangari í Los Angeles en annars staðar þekkest. Reyndar öblast þær gildi í áföngum, þannig að þær verða strangari með hverju ári, eða allt frá því þær voru settar 1966.“

„A aðalverkefni Birakosar og manna hans í framtíðinni verður baráttan gegn útblástri bifreiða. Reglurnar, sem lúta að því, eru nú þegar miklu strangari í Los Angeles en annars staðar þekkest. Reyndar öblast þær gildi í áföngum, þannig að þær verða strangari með hverju ári, eða allt frá því þær voru settar 1966.“

Ströng lög.

Los Angeles hefur fengið miklu áorkað í baráttunni gegn loftmenguninni fyrir geypilegt framtak manna og fjármagns — og vegna lagasetningar, sem er strangari en nokkurs staðar þekkest annars staðar í heiminum.

„A síðustu tuttugu árum hafa 51.000 atvinnurekendur og einkaaðilar verið dregnir fyrir rétt og niúti og sex prósent þeirra dæmdir fyrir brot á mengunaröllum.“

Það eru fjórar og hálf milljarða í Los Angeles, og ásamt þessum þrjátíu og fimmm þúsund verkmiðjum voru þeir á góðri leið með að kaifa íbúana í ósni fyrir sex árum.

Fimmtíu prósent af loftmenguninni stafaði frá bílum fyrir fimmtán árum, og hinn helmingurinn stafaði frá íbúðum. Í dag stafa niúti prósent frá

Telja þjóðina ekki einfæra um að standa undir þeim efnahagsvanda sem nú steðjar að

Vestmannaeyingar héldu almennan borgarafund í Austurbæjarbíói í gærkvöld, þar sem samþykkt var ályktun til ríkisstjórnarinnar.

Fundarstjóri var Albert Guðmundsson, borgarfulltrúi og tók



Sigfús Johnsen les fyrirsögn í Vísir, sem hann sagðist harma að sjá í einum fjölmiðla landsins. Fyrirsögnin er: 2.400 milljónir í Eyjaskatt, en í fréttinni er sagt, að úttega þurfi þessa upphæð vegna hamfaranna.

hann fyrstur til máls. Lýsti Albert yfir aðdáun sinni á stillingu og framkomu Vestmannaeyinga í þeim erfðileikum, sem nú steðjuðu að.

Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor, sem dvalitz hefur í Eyjum allt frá byrjun gossins, skýrði frá ástandinu þar núna og þróun gossins allt frá byrjun. Sagði Þorbjörn, að ekki væri ástæða til ótta, ef gosið heldist eins og það er núna. Sagði hann, að ástand hraunrennslisins sé eins gott og það getur verið, þegar svona mikið magn hrauns kemur fram. Þorbjörn svaraði fyrirspurnum fundargesta um útlit og hvort hann teldi, að íbúðarfært yrði í Eyjum, er gosinu linnu.

Sagði Þorbjörn, að ekkert yrði því til fyrirstöðu að sínu mati að búa í Eyjum, strax og vikuregnið hætti. Taldi Þorbjörn, að hægt yrði að taka til starfa í Eyjum, mjög stuttum tíma eftir að gosið hættir. Taldi hann Vestmannaeyjar ekki vera meira hættusvæði vegna eldgosa en aðrir staðir á eldgosabellinu hér á landi, jafnvel minna, þar sem gosið hefði núna. Taldi Þorbjörn, að litill hætt væri á mengun andrúmsloftsins vegna eiturguftu úr gosinu. Sagði Þorbjörn að hægt væri að verja byggðina í Eyjum að verulegu leyti, þegar búið væri að byrgja glugga. Ef haft



Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson og Geir Hallgrímsson sátu borgarafund Vestmannaeyinga, þó ekki tækju þeir þátt í umræðunum.

yrði eftirlit með því, að ekki settist of mikill vikur á þök husanna, ættu þau ekki að vera í hættu vegna hans að öðru leyti.

Margir Vestmannaeyinganna létu í ljós efa um, að ástandið væri ekki verri en Þorbjörn vildi vera láta. Sigfús Johnsen talaði næstur, og sagði hann, að Vestmannaeyingum þætti mörgum, að ekki hefði verið nógu vel haldið á ymsum málum í sambandi við björgunarstarfið í Eyjum.

Sagði Sigfús, að skyldur ríkisvaldsins við Vestmannaeyinga væru aðfráttarláusar. Hann sagði, að Eyjabúum bæri fullur réttur á allri hjálp, sem hægt væri að veita. Vestmannaeyingar yrðu að krefjast fullra bóta fyrir það tjón, sem þeir hefðu orðið fyrir. Þjóðin ætti ekki að bera baggan ein, heldur ætti að leita aðstoðar hjá vinveittum nágrannalöndum okkar. Sagði hann, að algjöra

vissu skorti um, hvar Vestmannaeyingar stæðu, og þeir hefðu enga vissu fyrir, hvernig ástætt væri með eigur þeirra, og þessa vissu þyrftu þeir að fá.

Sigfús las síðan upp ályktun þá til ríkisstjórnarinnar, sem saminn hafði verið.

Í ályktuninni eru meðal annars bornar fram þakkir til almennings og sveitarfélaga í landinu fyrir skjótt viðbrögð, er gosið hófst. Hörmuð er óvissa Vestmannaeyinga um fjárhagslega stöðu þeirra. Tekið er fram, að hefja verði uppbyggingu í Eyjum strax og gosinu linnir. Vestmannaeyingar telji þjóðina ekki geta staðið eina undir þeim efnahagsvanda, sem þeir hörmungunum fylgir, og leita eigi eftir aðstoð erlendrar ríkja. Leggja skal megin áherzlu á að greina á milli þess efnahagsvanda, sem ríkti fyrir gosið og þess, sem ríkir nú.

Sagði Sigfús það ekki mega bíða að bíðja um aðstoð annarra ríkja, og það sé furdulegt, að ekki skuli hafa verið sagt, hvada aðstoð hefur verið boðin og hversu háar upphæðir þær eru, sem Íslandungum hafa verið boðnar.

Þá tóku einnig til máls Sigurgeir Kristjánsson og Gísli Gíslason úr bæjarstjórn Vestmannaeyja. Söguðu þeir, að bæjarstjórnin mundi gera allt til að leysa úr þessum mikla vanda, sem nú steðjaði að Vestmannaeyingum og þjóðinni allri.

Á lokum tók Albert Guðmundsson til máls, og sagðist hann telja það hreina heimsku að taka ekki þeirri aðstoð, sem út er rétt.

Ályktunin til ríkisstjórnarinnar var síðan samþykkt einróma af fundargestum. Lauk fundinum með því, að Vestmannaeyingar sungu lag um Vestmannaeyjar.

—DM



Ályktun fundarinnar var einróma samþykkt af öllum fundargestum.

Minna en 50 Eyjabúar ennþá á hótélum

Fáir Eyjabúar eru nú orðnir efnislausir á hótélum, og flestir hafa getað komið sér og sínum fyrir annars staðar, enda hefur verið starfað ótulllega að því að finna fólki samastað. Enn er þó mikið starf óunnið við að finna húsnæði.

Vísir hafði samband við nokkur hótél og spurði um afskipti þeirra af fólkinu frá Vestmannaeyjum.

„Fyrst til að byrja með var dálítið af fólki herna hjá okkur, en nú eru bara eftir fern hjón“, sagði Pétur Danielsson hótélstjóri á Hótél Borg. Þetta fólk hefur raunar oft verið hjá okkur

áður og er hér eins og aðrir gestir í mat“. Mennirnir eru allir framkvæmdastjórnar fyrirtækja í Vestmannaeyjum, og eins og áður segir, er þetta fólk, sem gistir á Hótél Borg, þegar það kemur til höfðurborgarinnar, þó við skemmtilegri aðstæður en nú.

„Eins og gefur að skilja er of dyrt fyrir almennung að búa á hótélum, og þar að auki er ekki hægt að hafa neinn heimilisbrag á hótél, til þess vantar ótal hluti, sem eru á hverju heimili“, sagði Pétur að lokum.

„Við fengum til okkar stóra kúfinn af fólkinu, sem á annað borð fór á hótél“, sagði Jóhann Hafstein Vilhelmsson, mótökustjóri á Hótél Esju. „Til að

byrja með voru hér 120 manns, en þeim hefur verið að fækka síðan, og engir hafa bæzt í hópinu. Núna eru eftir um 30 manns og er ekki fararsnið á þeim í bili að minnsta kosti. Við höfum skrifað hjá þessu fólki mat og húsnæði og ekki er farið að hugsa um ennþá hvernig það greiðist það er oftast talsvert af auðum herbergjum, en þó hefur nýtingin verið nokkuð góð og komst upp í 85% um helgina síðustu. En í dag gætum við til dæmis tekið fólk inn á 60 herbergi.

Erling Aspelund, hótélstjóri á Hótél Loftleiðum, sagði, að þeir hefðu lítið orðið varir við Vestmannaeyingana. „Klukkan sex morguninn eftir að gosið

byrjaði, vorum við tilbúin að taka á móti fjölda fólks, en eina fólki, sem kom, voru hjón með tveggja daga gamalt barn. Það hafði verið flogið með þau snemma um morguninn. Þetta fólk var ekki hjá okkur allan daginn, en mun hafa farið til skyldfólks úti á landi. Einnig voru tveggja eldri hjón hjá okkur hluta úr degi.

Í skipulagi almannaavarna er gert ráð fyrir, að Almannaavarnaræki geti tekið sér umboð yfir samgöngutækjum og gisti rými, og það var þess vegna, sem við vorum svo fljótt búin að undirbúa hótél. En til þess þurfti sem sé ekki að gripa“.

Á Hótél Loftleiðum eru 217 herbergi, og þar sem nýting

gistirýmismisins á þessum tíma árs hefur sjaldnast verið meiri en 30%, þá er mikið rými þar, ef á þyrfti að halda.

Fáir eru orðnir eftir af Eyjabúum á Hótél Sögu. Á sögn Konráðs Guðmundssonar, hótélstjóra, voru þar aldrei fleiri en tíu manns, og eru þeir smátt og smátt að tinast burtu.

Við spurðum Konráð, hvort til greina gæti komið að veita stórum hópi fólks frá Vestmannaeyjum afslátt ef til þess þyrfti að gripa vegna hugsanlegs millibilisástands, áður en fólk er búið að fá endanlegt skjól yfir höfuðið, og svarið var: „Hver mundi neita svoleiðis lönguðu?“

—LÓ

SIGGI SIXPENSARI



Þú ættir ekki að þurfa að vinna svona mikið á þínum aldri. Það ætti að vera hann sem rekur heimilið.



SKEMMTISTADIR

Veitingahúsið Lækjartveg 2: Logar, Haukar, Fjarkar og Brimkló.
Þórscafé: B.J. og Helga.
Röðull: Haukar.
Siglín: Bingó.
Lindarbær: Félagsvist.

BILANATILKYNNINGAR

Hítaveitubílanir sími 25524.

Vatnsveitubílanir sími 35122.
Símanílanir sími 05.
Rafmagn. í Reykjavík og Kópavogi í síma 18230. í Hafnarfirði, sími 51336.



ANDLÁT

Lárus Blöndal, Miklubraut 52, lézt 23. jan. 74 ára að aldri. Hann verður jarðsúnginn frá Fossvogskirkju kl. 15.00. á morgun.

Brynhildur J. Hall, Marklandi 16, lézt 24. jan. 62 ára að aldri. Hún verður jarðsúnginn frá Fossvogskirkju kl. 13.30 á morgun.

Ingibjörg Jóhannesdóttir, Hofteig 19, lézt. 24. jan. 72 ára að aldri. Hún verður jarðsúnginn frá Dómkirkjunni kl. 13.30. á morgun.

Þorbjörg Ólafsdóttir, Hofteig 19, lézt 21. jan. 95 ára að aldri. Hún verður jarðsúnginn frá Dómkirkjunni kl. 13.30 á morgun.

NAUÐST

ÞORRAMATURINN VINSÆLI Í TROGUM

VESTURGÖTU 6-8 SÍMI 17759

Þökkum innilega öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og jarðarför eiginkonu minnar, dóttur okkar, systur og mágkonu

Auðar Þórðardóttur Howie

Háteigsvegi 18, Reykjavík

James Gordon Howie

Þórbjörg Jasonarson
Þórbjörg Markús Þórðarson

Jónína Þórðardóttir
Jenny Einarsdóttir.

VEÐRID Í DAG

Austan kaldi eða stinningskaldi, víða slydduél, léttir síðan til með norðaustan kalda. Hiti 3 stig.

Í DAG

HEILSUGÆZLA

SLYSA VÆRDSTOFAN: sími 81200 eftir skiptiborðslokun 81212.
Sjúkrabifreid: Reykjavík og Kópavogur sími 11100, Hafnarfjörður sími 51336.

Onemisaðgerðir gegn mænsótt fyrir fullorðna fara fram í Heilsumverndarstöð Reykjavíkur á mánudögum kl. 17-18.

Læknar

REYKJAVÍK KÓPAVOGUR.
Dagvakt: kl. 08:00 — 17:00, mánud. — föstudags, ef ekki næst í heimilislækni sími 11510.
Kvöld- og næturvakt: kl. 17:00 — 08:00 mánudagur — fimmtudags, sími 21230.

HAFNARFJÖRÐUR — GARÐAHREPPUR. Nætur- og helgidagsvarzla, upplýsingar lögregluvarðstöfunni sími 50131.

Kl. 9-12 á laugardögum eru læknastofur lokaðar nema að Laugavegi 42. Sími þar er 25641. Læknastofur voru áður opnar að Klapparstíg 27 á þessum tíma, en í framtíðinni verður það ekki.

Upplýsingar um lækna- og lyfjaþjónustu eru gefnar í símsvara 18888

APÓTEK

Helgar kvöld- og næturþjónusta apóteka vikuna 26. janúar til 1. febrúar, annast Háaleitisapótek og Apótek Austurbæjar. Það apótek, sem fyrr er nefnt, sér eitt um þessa þjónustu á sunnudögum, helgidögum og almennum fridögum.

Blái krossinn leitast við að safna og dreifa fræðslu til varnar af drykkju. Uppl. veittar kl. 8-11 f.h. í síma 13303 og að Klapparstíg 16.

Í KVÖLD



BELLA

Þekkir þú ekki þá óþægilegu tilfinningu, þegar maður er að syngja í baði og finnur allt í einu að maður er búinn að gleyma seinni helmingi lagsins.

Lögregla slökkvilið

Reykjavík: Lögreglan sími 11166, slökkvilið og sjúkrabifreid, sími 11100.

Kópavogur: Lögreglan sími 50131, slökkvilið og sjúkrabifreid sími 11100.

Hafnarfjörður: Lögreglan sími 50131, slökkvilið sími 51100, sjúkrabifreid sími 51336.

MUNID RAUDA KROSSINN

VÍSIR fyrir 50 árum

STÖRF VÍÐ ALÞINGI

Umsóknir um störf við Alþingi 1923 eiga að vera komnar til þingsins eigi síðar en 10. febrúar, og skulu þær stílaðar til forseta.

Menn taki fram, hverskonar störf þeir saki um. — Visir 30. janúar 1923.

SÖFN

Landsbókasafnið við Hverfisgötu er opið frá kl. 9-19 alla daga nema sunnudaga.

Borgarbókasafnið, aðalsafn, Þingholtsstræti 29a, er opið kl. 9-22 virka daga, laugardaga 9-18 og sunnudaga, kl. 14-19.

Þjóðminjasafnið við Sudurgötu er opið þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga kl. 13.30-16.

Norræna Húsið, bókasafn og plötudeild, er opið kl. 14-19 alla daga, nema laugardaga og sunnudaga, en þá er opið kl. 14-17.

VIÐKOMUSTADIR BÓKABILANNA

Arbæjarhverfi.
Hraunbr 162 mánud. kl. 3.30-5.00
Verzl. Hraunbr 102 þriðjud. kl. 7.00-9.00.

Verzl. Rofabæ 7-9 mánud. kl. 1.30-3.00. Þriðjud. kl. 4.00-6.00
Blesugróf.

Blesugróf mánud. kl. 5.30-6.15.
Breiðholt.

Breiðholtsskóli mánud. kl. 7.15-9.00, fimmtud. kl. 7.00-9.00 föstud. kl. 1.30-3.30.

Fremristekkur fimmtud. kl. 1.30-3.00
Verzl. Straumnes fimmtud. kl. 4.15-6.15

Þórufell þriðjud. kl. 1.30-3.15, föstud. kl. 4.00-5.00
Háaleitisverfi

Alftamýrarskóli fimmtud. kl. 1.30-3.30
Austurvei, Háaleitisbr., mánud. kl. 3.00-4.00

Miðbær, Háaleitisbr. mánud. kl. 4.30-6.15 miðvikud. kl. 1.30-3.30, föstud. kl. 5.45-7.00

Holt-Hlíðar
Stakkahlíð 17 mánud. kl. 1.30-2.30, miðvikud. kl. 7.00-9.00

Æfingaskóli Kennarask. miðvikud. kl. 4.15-6.00
Laugarás

Hrafnista föstud. kl. 3.15-4.15
Verzl. Norðurbrún þriðjud. kl. 5.00-6.30, föstud. kl. 4.30-5.45

Laugarneshverfi
Dalbraut/Kleppsv. þriðjud. kl. 7.15-9.00
Laugalækur/Hrisat. föstud. kl. 1.30-3.00


Sund
Verzl. við Sæviðarsund þriðjud. kl. 3.00-4.30 föstud. kl. 6.00-7.00

Tún.
Hátún 10, þriðjud. kl. 1.30-2.30
Vesturbær


KR-heimilið fimmtud. kl. 7.15-9.00
Skerjafjörður — Einarsnes fimmtud. kl. 3.45-4.30.

Verzl. Hjarðarhaga 47 mánud. kl. 7.15-9.00 fimmtud. kl. 5.00-6.30

Nýja bókasafnið í Bústaðakirkju — Bústaðautið — er opið mánudaga til föstudaga kl. 2.00-9.00.



Það var gott að þér spurduð, ég kenni nefnilega jiu- jutes og karate.



Boggi

Það er ekki ófundsvært að vera götusópari í Vestmannaeyjum þessa dagana.

Í DAG

Í KVÖLD

Í DAG

Í KVÖLD

Í DAG



Sjónvarp í kvöld kl. 21.20: **HARMLEIKUR**

Í kvöld fer fram umræðupáttur í sjónvarpinu undir stjórn Magnúsar Bjarnfreðssonar. Þátturinn nefnist „Setið fyrir svörum“, og verða þangað boðnir nokkrir Vestmannaeyingar og fleiri aðilar, en að sjálfsgöðu er það að gefnu tilefni.

Meðal annarra munu taka þátt í umræðunum fulltrúi björgunarsveita, sem unnið hafa í Eyjum að

undanföru af mikilli ósérhlífi og þrautseigju, fulltrúi frá Almannavarnaráði, jarðfræðingur, og ennfremur fulltrúar frá bæjar- yfirvöldum Vestmannaeyinga. Þó margt hafi að undanföru komið fram í fjölmörgum varðandi hina hörmulegu atburði í Eyjum, er ekki ólíklegt að eitthvað nýtt, eða ný atriði komi fram í þessum þætti, því eins og við vitum öll, er enn langt frá því, að leystur hafi verið allur sá vandi, sem íkjölfar þessa harmleiks óhjákvæmilega hlýtur að fylgja.

Það þarf vist ekki að taka það fram, að þessi mynd er frá Vestmannaeyjum, og vist er, að hún þarfnast engra skýringa.-



Þá mun einnig taka þátt í þessum umræðum Ólafur Jóhannesson, forsætisráðherra, og skýrir hann væntanlega afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa stórmáls.

— LTH.

Hljóðvarp í kvöld kl. 19.35: **MAÐURINN OG MENGUNIN**


Mengun af ýmsu tagi er orðið stórkostlegt vandamál í fjölmörgum svo kölluðum menningarlöndum veraldarinnar, en hún er ekki aðeins í löndunum sjálfum, heldur líka og ekki síður í sjónum.

Í kvöld mun Hjalmar R. Bárðarson, skipaskoðunarstjóri,

ræða þetta alvarlega efni í þættinum „Umhverfismál“. Aðallega verður fjallað um mengun í sjó, bæði í höfnum og á úthafinu.

Alls konar efnum er sturt að í hafid, efnum sem eyðast jafnvel ekki fyrir en eftir óratíma, eins og til dæmis plastefnum ýmsum. Ekki er þá olli, sem streymir oft í stórum stíl í sjóinn, neinn smáræðis skaðvaldur, og höfum við Íslendingar ekki farið varhluða af þeim óþverra í höfnum okkar fremur en aðrir.

—LTH



Hér sjást menn með taki til olluhræinsunar að störfum í vestrúhöfninni í Reykjavík. Þar er ástandið jafnvel hvað lakast í Reykjavíkurhöfn, bæði í höfninni sjálfri og kannski ekki síður við verbúðirnar þar nærri, því engum sem þar á leið um, getur komið í hug orðið hreinlæti.

STJÖRNU* * * * spá

Spáin gildir fyrir miðvikudaginn 30. janúar.



Hrúturinn, 21. marz—20. apríl. Það bendir allt til þess að ekki muni skorta góð takifæri. Aftur á móti litur út fyrir að þau nýtist ekki sem skyldi, og virðist erfitt að sjá af hverju.



Nautið, 21. apríl—21. maí. Það getur gengið á ýmsu í dag, en nokkur áhætta virðist þó í sambandi við peningamálin. Athugaðu að minnsta kosti gaumgæfilega allt sem þeim viðkemur.



Tvíburarnir, 22. maí—21. júní. Þetta verður erfiður dagur hjá þér vegna annríkis og einhverra nýrra viðhorfa og viðfangsefna, og verðurðu að hafa þig allan við í því sambandi.



Krabbinn, 22. júní—23. júlí. Það er ekki ólíklegt að einhver orðrómur verði á sveimi í kringum þig, heima eða á vinnustað, sem þú ættir að gera þitt til að kveða niður.



Ljónið, 24. júlí—23. ágúst. Það bendir allt til þess að þetta geti orðið skemmtilegur dagur og létt yfir. En um leið er hætt við að þú komir ekki eins miklu í verk og þú vildir.



Meyjan, 24. ágúst—23. september. Það er hætt við að einhverjir útreikningar eða áætlanir standist ekki. Farðu því gætilega í öllum ályktunum, þar eð forsendan fyrir þeim getur verið skökk.



Vogin, 24. sept.—23. okt. Það litur út fyrir að einhver, sem þú þekkir ekki nema að takmörkuðu leyti, vilji telja þig á eitthvað, sem er vægast sagt harla varasamt fyrirtæki.



Drekin, 24. okt.—22. nóv. Það er ekki ólíklegt að einhverjir líðnir atburðir, sem þú ekki kærir þig um á muna, verði samt sem áður rifjabir upp, ef til vill á nokkuð óþægilegan hátt.



Bogmaðurinn, 23. nóv.—21. des. Það litur helzt út fyrir, að þú verðir settur til að gegna einhverju hlutverki eða starfi, sem þér er ekki um gefið, en getir þó naumast skorazt undan.



Steingeitinn, 22. des.—20. jan. Þér berst sennilega bréf, eða þá einhverjar fréttir, sem valda þér mikilli gleði. Þó sennilega fremur vegna annarra heldur en sjálfs þín.



Vatnsberinn 21. jan.—19. febr. Þér gefst ekki tóm til að sitja með hendur í skauti í dag, meiri hætta á að verkefnið reynist þér að einhverju leyti ofviða eins og þau eru til komin.



Fiskarnir, 20. febr.—20. marz. Þetta virðist einstaklega góður dagur, jafnvel hvað peningamálin snerir. Hafðu samt gætur á öllu, sem þeim kemur við, að ekkert verði í óreiðu.

ÚTVARP

Þriðjudagur
30. janúar

- 13.00 Eftir hádegis. Jón B. Gunnlaugsson leikur létt lög og spjallar við hlustendur.
- 14.15 Fræðslupáttur um almannatryggingar
- 14.30 Frá sérskólinum í Reykjavík. V. Fiskvinnuskólinna. Anna Snorradóttir talar við Sigurð B. Haraldsson skólustjóra.
- 15.00 Miðdegistónleikar.
- 16.00 Fréttir.
- 16.15 Veburfregnir. Tilkynningar.
- 16.25 Popporníð.
- 17.10 Framburðarkennsla í þýzku, spænsku og esperanto.
- 17.40 Útvarpssaga barnanna:

- „Ugla hennar Marfu“ eftir Finn Havrevold. Olga Guðrún Arnadóttir les (12)
- 18.00 Létt lög. Tilkynningar.
- 18.45 Veburfregnir. Dagskrá kvöldins.
- 19.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 19.20 Fréttaspjall
- 19.35 Umhverfismál.
- 19.35 Umhverfismál.
- 19.50 Barníð og samfélagið Pálina Jónsdóttir talar við Gyðu Sigvaldadóttir föstru um dálæti barna á bundnu máli.
- 20.00 Lög unga fólksins.
- 20.50 Íþróttir.
- 21.10 Konsert fyrir fíðlu og hljómveit op 18 eftir Bo Linde.
- 21.35 Naust og vör. Bergsteinn Skúlason segir frá (Aður út. í júní s.l.)
- 22.00 Fréttir
- 22.15 Veburfregnir. Rannsóknir og fræði. Jón Hnefill Aðalsteinsson fil. lic. talar við Jón Böðvarsson cand. mag. um Njálu og bókmenntafræðslu í skólum.
- 22.45 Harmonikulög. Arnt Haugen og félagar leika.
- 23.00 A hljóðbergi.
- 23.40 Fréttir í suttu máli. Dagskrárlok.

- 20.25 Veður og auglýsingar
- 20.30 Ashton-fjölskyldan.
- Brezkur framhaldsflokkur.
- 38. þáttur. Hold og blóð.
- Þýðandi Heba Juliusdóttir. Efni 37. þáttar: Shefton heldur veizlu til að fagna heimkomu Helenu, systur sinnar, frá Astrállu. Hann notar takiferðir og vekur máls á hugmynd sinni um að selja prentsmíðjuna. Helena fylgir Edwin og börnun hans að málum og Shefton verður að láta undan síga. Skömmu síðar kemur Davíð til hans í peningavandræðum og selur honum sinn eignarhluta í fyrirtækinu, og þar með telur hann sig ráða meiri hluta hlutfjárins. Davíð heimsekkir Sheilu og reynir að fá hana til að sættast, en hún er treg til að treysta honum.
- 21.20 Tónlistarþáttur frá München
Sigurvegarnir í keppinni, Nilla Perrou frá Svíþjóð, Hansjörg Schellenberger frá Þýzalandi, Robert Currier Christiansen frá Bandaríkjunum og Pi-Hsien Chen frá Formósu fletja verk eftir Mozart, Richard Strauss, Verdi og Beethoven. (Eurovision — Þýzka sjónvarpið)
- 22.00 Setið fyrir svörum. Umræðupáttur í sjónvarpssal. Umsjónarmaður Magnús Bjarnfreðsson.
- 22.40 Dagskrárlok.

SJÓNVARP

Þriðjudagur
30. janúar

20.00 Fréttir

Athafnasamari við landhelgisbrotin


varðskip við hjálparstörf

Bretar hafa getað athafnað sig betur við veiðar í landhelgi. Neyðarástandið í Vestmannaeyjum hefur valdið því, að varðskip hafa orðið að vera þar við hjálparstörf.

Hafsteinn Hafsteinsson, blaðfulltrúi landhelgisgæzlunnar, segir að um 30-40 brezkir togarar séu í landhelgi undan Austfjörðum. Þar er dráttar báturinn Statesman til aðstoðar við landhelgisbrotin.

Þetta er svipaður fjöldi brezkra togara og var í landhelgi fyrir gosið. Hins vegar kemur það fram í viðtölum Vísis við sjómenn austur þar, að fækkun varðskipa þar hefur gert Bretum hægara um veiðarnar. Neyðarástandið hefur einnig valdið því, að litlar fréttir eru nú af klippingum og öðrum slíkum aðgerðum varðskipa.

—HH



Nýja bló í rústum í gær. Þakið hrundi undan þunganum í fyrradag, og síðan sprungu veggir.

„Eftiröpun á dægrastyttingar-óeirðum námsleiðra stúdenta“

Námsmenn í Kiel ráðast á stjórn SÍNE

„Það er mál til komið, að horfið verði frá þeirri ósjálfstæðu og gagnrýnslausu eftiröpun á dægrastyttingaróeirðum námsleiðra stúdenta í útlöndum, sem stjórnir SÍNE hafa verið að blása sig upp með.... Forráða-

menn SÍNE hafa brugðizt í þessu máli....“

Íslenskir námsmenn í Kiel, Þýskalandi, senda frá sér „baráttuhvöt til námsmanna og alþjóðar allrar“. Segja þeir, að „sérstaklega vitaverður sé sá skammarlegi dráttur, sem orðið hafi af opinberri hálfu á afgreiðslu haustlána til námsmanna síðustu tvö ár“. Telja

þeir, að drátturinn hafi verið afsakabur með vanþekkingu menntamálaráðherra fyrra árið, en sú afsökun hafi varla átt við hið síðara árið. „Brögð“ stjórnvalda og SÍNE (samtaða íslenskra námsmanna erlendis), og slíkur dráttur valdi „andlegum og líkamlegum óþægindum, vandræðum og jafnvel hreinum skorti“. Þá

segir, að SÍNE hafi „genjöð svo langt í stjórnleysingjahætti sínum“, að það hafi ekki einu sinni skipað fulltrúa í stjórn Lánasjóðs „þegar mest reið á“ Samtökin sinni fremur „allsherjarþjófvalagsmálum“ og „heimspólitik“ en hagsmunamálum stúdenta, segja námsmenn í Kiel í „baráttuhvöt“ þessari.

Námsmenn í Kiel leggja áherzlu á, að stjórnvöld þurfi að aðstoða íslenskra námsmenn erlendis við skynsamlegt námsval

og veiti þeim nægjanlegan námsstuðning. Gerðar eru kröfur um, að námslán nái 100% fjárþarfar námsmanna ekki síðar en 1973/74. Við útreikning á fjárþörfinni verði ekki gert ráð fyrir neinum atvinnutekjum námsmanna. Námsmenn eigi rétt á eignaðflun eins og aðrir þjófvalgsþegnar á sviðum aldri. Lán verði tryggt gegn gengisbreytingum, og fleiri kröfur gera námsmenn í Kiel. Hvatt er til umbóta á SÍNE. —HH

Fjallhreppingar rausnarlegir

Mörg og rausnarleg framlög hafa komið til þeirra aðila, sem veita slíku viðtöku hér á höfuðborgarsvæðinu. Hæsta framlagið er sennilega úr Fjallahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, en það voru 75 þús. frá tuttugu og fimm íbúum. Það eru 3000 kr. frá hverjum íbúa að meðaltali.

Ekki hafa Landeyingar skorðið framlag sitt við nögl heldur, því að þeir sendu nálægt 2700 kr. fyrir hvern íbúa hreppanna.

Grimseyingar voru fljótir til á sínum tíma að tilkynna um sitt framlag, en það nam 1500 krónum á hvern Grimseying.

Hæsta framlagið frá utanáðkomandi aðilum mun vera frá Bandaríkjunum, en það var 2.440.000 íslenskar krónur. —LÓ

Bjóða 36 hús

Sambandi íslenskra sveitarfélaga barst í morgun orðsending frá Siglufirði, þar sem segir, að þar í bænum séu 36 hús, sem fólk úr Eyjum, getur fengið til afnota, þar af 19, sem hægt er að flytja inn í strax.

Siglfirðingar bjóða einnig Hótel Hvanneyri til afnota fyrir Vestmannaeyingana. Hótelíð er autt þriggja hæða hús. Þar telja Siglfirðingar, að mætti hafa heimavistarskóla, því að þar eru bæði gistihvergi, skólastofur og aðstoða fyrir mótuneyti.

Ekki er notkun hótelsins þó einskorðuð við skóla, því að í orðsendingunni segir, að hægt sé að koma börnum á öllum aldursstigum inn í skólana á Siglufirði, sem fyrir eru. —LÓ

„VELÞÓKNUN“ Á ELDGOSINU

— sérstaklega tjóninu, álykta nokkrir menntaskólanemar

Þetta er ályktun fjögurra manna hóps, sem á engan hljómgrunn hér í skólanum. Mér er meira að segja kunnugt um, að einn þeirra sér eftir að benda nafn sitt við ályktunina, sagði Tryggvi Gíslason, skólameistari í Menntaskólanum á Akureyri, við Vísi í morgun, þegar Vísir leitaði til hans vegna ósmekklegrar ályktunar „starfshóps“ í þjóð-

málaeldið skólafélags MA. Ályktun hópsins, sem sýnir inn í hugsunarhátt sem fátír yfir 25 ára aldri skilja, var hengd upp í skólanum. Hún er þannig:

„Starfshópur 7 ályktar föstudaginn 27.1.1973 eftirfarandi:

1. Hópurinn mótmælir harðlega yfirgangi erlendra heimsvaldasinna á Íslandi, sérstaklega þó, að þeim skuli líðasta að notfæra sér

náttúruhamfarir til að brjóta niður sjálfstæði Íslandinga.

2. Hópurinn lýsir yfir velþóknun sinni með náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Sérstaklega er hópurinn ánægður af Vestmannaeyvingar tapa öllum veraldlegum eignum sínum. Bendir hann á, að réttara hefði verið að safna andlegum auði, en hann þóli eldgos. Hópurinn vill ennfremur benda á,

að íslenskra þjóðin tapar á þessu eldgosi engu, en vinnur heldur, því borgarastéttin lendir í mesta vanda, og er það hágr Íslandinga, að aðstoða hennar versni.

Hópurinn skorar á verkalyðsstéttina að slá hvernig af kröfum sínum og lúffa ekki fyrir borgarastéttina, sem reynir að bæta tap sitt á kostnað verkalyðsins.“

—VJ

Hundruð milljóna frá Norðurlöndum?

Söfnun vegna neyðarástands í Eyjum að fara í gang ytra

Framlög eru nú farin að berast til sendiráða Íslands erlendis vegna neyðarástandsins í Vestmannaeyjum, frá einstaklingum, stofnunum, fyrirtækjum og fleirum. En stjórnvöld eru nú tilbúin til að taka við hjálp erlendis frá. Því má búast við aðstoð víða að í einu formi eða öðru. Vitad er, að ríkisstjórnir á Norðurlöndum eru að samræma að-

gerðir sínar. Búast má við hundruð milljóna frá þeim, ef Íslandingar telja sig þurfa á slíkum upphæðum að halda.

Bandaríkisstjórnir sendi Rauða krossi Íslands smávott um vilja sinn til hjálpar í gær, en þá var Rauða Krossinum afhentar tæpar 2.5 milljónir króna. Stjórn V-Þýskalands hafði gert hið sama áður, þegar hún afhenti Rauða krossinum 3 milljónir króna.

Útanríkisráðuneytið er nú að hefja vörðun við fulltrúa þeirra ríkisstjórna, sem bðið hafa hjálp, um það, í hvaða formi hún væri æskileg. Það kemur margt til greina. Til umræðu hefir komið

m.a. að einhver þessara aðila sendi tilbúin hús, sem unnt væri

Fleiri en Reynir slíta handjárn

Lögreglan í Hafnarfirði fékk ungan vörubilstjóra í „heimsókn“ um helgina. Hann var látinn í klefa með handjárn aftur fyrir bak. Aður en langt um leið var maðurinn búinn að slíta af sér handjárnin í ótal parta. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þetta kemur fyrir hjá okkur“, sagði varðstjórnirinn í Firðinum, „norskur sjómaður gerði þetta einu sinni hjá okkur“, sagði hann. Taldi hann að miðstöðvarofn hefði verið notaður til verksins. Ungi bilstjórnirinn taldi það aftur á móti af

og frá. A myndinni sjást járnin eftir að bilstjórnirinn sterki hafði farið um þau höndum.



—VJ